

Vegagerðin  
Höskuldur Tryggvason  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík


Reykjavík, 12. febrúar 2021  
UST202101-360/B.S.  
10.05.03

**Efni: Hringvegur um Núpsvötn – framkvæmdir. Umsögn**

Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar dags. 22. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um endurbætur á Hringvegi 1 vegna byggingar nýrrar brúar yfir Núpsvötn. Ástæða umsagnarbeiðninnar er sú að framkvæmdasvæðið er innan svæðis nr. 701 á náttúruminjaskrá en svæðið telst allt land Núpsstaðar milli fjöru og jökuls. Verndargildið svæðisins er: „*Sérstætt svæði vegna náttúrufars og fegurðar, söguminjar og gamlar byggingar.*“

Umhverfisstofnun telur að þar sem framkvæmdin er á vegstæði núverandi vegar og ný brú verður staðsett norðan núverandi brúar þannig að sýn til fjalla helst óbreytt muni framkvæmdin ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 701 á náttúruminjaskrá enda um minniháttar röskun að ræða. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Hlín Gísladóttir  
Lögfræðingur